

Miðvikudaginn 2. febrúar 1994.

Nr. 52/1994.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

gegn

Ólafi Gunnarssyni

(Jón Magnússon hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili lýsti því yfir þegar eftir uppkvaðningu úrskurðar í Héraðsdómi Reykjavíkur 27. janúar sl. um framlengingu á gæsluvarðhaldi sínu, að hann kærði úrskurðinn til Hæstaréttar. Bárust kærugögnin skrifstofu réttarins daginn eftir. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Rannsókn í máli þessu hefur staðið yfir í rúmt hálft ár, en varnaraðili hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 2. september sl. Kveðnir hafa verið upp sex úrskurðir um gæsluvarðhaldsvist hans. Fjórir þeirra hafa verið kærðir til Hæstaréttar, hinn síðasti 1. desember, sbr. dóm Hæstaréttar 9. s.m. Í því kærumáli rökstuddi sóknaraðili kröfu sína um gæsluvarðhald varnaraðila til 27. janúar sl. með því, að fyrir þann tíma ætti að vera unnt að ljúka rannsókn í málinu, senda það ríkissaksóknara og gefa út ákæru. Í forsendum úrskurðar þess, sem nú er kærður, kemur fram af hálfu sóknaraðila, að rannsókn málsins sé svo að segja lokið, en ekki hafi tekist að ljúka frágangi þess og senda það ríkissaksóknara í tæka tíð.

Þess verður að krefjast, að rannsókn og meðferð máls þessa af hálfu rannsóknaraðila og ákærvalds sé hraðað eins og framast er kostur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar, sbr. og forsendur áður nefnds dóms Hæstaréttar 9. desember sl., þykir óhjákvæmilegt, að varnaraðili sæti áfram gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til 15. mars nk.

Varnaraðili, Ólafur Gunnarsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 þriðjudaginn 15. mars 1994.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. janúar 1994.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Ólafur Gunnarsson, kt. 200455-3049, með lögheimili að Suðurhólum 24 í Reykjavík, en dvalarstað að Flétturima 11 í Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til kl. 15.00 miðvikudaginn 20. apríl vegna grunar um brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 um ávana- og fíkniefni svo og gegn 173. gr. a alm. hgl. nr. 19/1940.

Rannsókn máls þessa hófst 25. júlí sl. Við hana hefur komið fram rökstuddur grunur um að Ólafur Gunnarsson sé frumkvöðull að skipulögðum innflutningi á allt að 30 kg af hassi og 4,9 kg af amfetamíni frá Amsterdam, Lúxemborg, Kaupmannahöfn og Stokkhólmi og að efnið hafi verið flutt hingað til lands í 13 ferðum á tímabilinu maí 1992 til og með júlí 1993. Ólafur hefur við lögregluyfirheyrslur sem og fyrir dómi ekki viðurkennt að eiga aðild að öllum þessum ferðum, en flestum þeirra þó með þeim hætti, að hann hafi ýmist lagt fé til fíkniefnakaupa erlendis eða fengið menn til að bera efnin milli landa og séð um dreifingu þeirra hérlandis.

Í kæruskýrslu lögreglu eru ofangreindar 13 ferðir raktar og einnig er þar greint frá hluta af framburði flestra þeirra, sem áttu aðild að innflutningi fíkniefnanna eða/og fjármögnun efniskaupanna. Í framburði þeirra, sem stóðu að innflutningi fíkniefna og tóku þátt í milligöngu um útvegum þeirra erlendis, kemur fram að innflutningurinn hafi verið gerður að undirlagi Ólafs gegn þóknun frá honum. Ólafur hafi verið skipuleggjandi þessa innflutnings og sá sem hafi fjármagnað fíkniefnakaupin.

Í kröfugerð lögreglu kemur fram að rannsókn máls þessa sé nánast lokið en ekki hafi tekist að ljúka frágangi málsins og senda það ríkissaksóknara. Frágangur málsins sé hins vegar á lokastigi og verði málið sent ríkissaksóknara á næstu dögum.

Brot þau, sem kærði er grunaður um að eiga aðild að, geta varðað 10 ára fangelsi skv. 173. gr. a alm. hgl.

Í dómi Hæstaréttar frá 9. desember 1993 er gæsluvarðhald yfir kærða framlengt með vísan til 2. mgr. 103. laga nr. 19/1991.

Með vísan til þess, sem kærði hefur játað fyrir lögreglu og fyrir dómi, sem og með hliðsjón af framburði margra þeirra, er stóðu að innflutningi fíkniefna með kærða, er sterkur grunur um að kærði hafi átt aðild að svo stórfelldu fíkniefnamisferli að varðað geti við 173. gr. a alm. hgl. Þykja því skilyrði 2. mgr. 103. laga nr. 19/1991 enn vera fyrir hendi.

Ber því að fallast á kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um áframhaldandi gæsluvarðhald á hendur kærða, eins og hún er fram sett, með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Ólafur Gunnarsson, sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til kl. 15.00 miðvikudaginn 20. apríl 1994.
